

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Breyting á deiliskipulagi, Flateyraroddi, iðnaðar- og hafnarsvæði.

Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits um 312 m² á lóðinni Oddavegi 13, Flateyri.

Deiliskipulagsbreyting á Suðurtanga, hafnar- og iðnaðarsvæði.

Breytingin felur í sér sameiningu tveggja aðliggjandi byggingarreita og hliðrun lóðar og byggingarreits, um fjóra metra til suðurs, að Æðartanga 2-4.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 19. september 2016.

Axel Rodriguez Överby skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. september 2016